

**Ársskýrsla**  
**Skógarvarðarins á Suðurlandi**  
**1991**

# Ársskýrsla Skógarvarðarins á Suðurlandi 1991.

---

## 1. Veðurfar ársins.

---

Veturinn frá áramótum fram á vor eins og búast má við á Suðurlandi: frost og þiðukaflar skiptast á, rigning og snjór.

19. janúar byrjar Hekla að gjósa. 3. febrúar skellur hér á mikið stórviðri af suð austri sem síðar sama sólahring snýr sér í suð vestur. Hitastig 4 gráður. Jörð ófrosin. Féll allmikið af trjám hér á Selfossi og víðar. Nánar um þetta í kaflanum um trjáskaða.

Maí var votviðrasamur framanaf en nokkuð hlýr, en seinni hlutinn sólríkur og hlýr. 29. maí 19 gráðu hiti, 30 maí. 21 gráðu hiti, 31 maí 18 gráðu hiti.

Sumarið varð afar hagstætt með óvanalegum hitum sem auðvita kom fram í miklum vexti trjágróðurs, sem ekki veitti af eftir skaða tveggja undanfarinna vetra (89 og 90). Skógur tók vel við sér og huldi vind og sólsviðaskemmdir.

Haustið varð heldur hagstætt en vetur setti að nokkuð snemma. Fyrsti snjór vetrarins féll 9. nóvember: 20 cm jafnfallið. Undanfarin 4 ár hefur ekkert snjóað fyrr en um áramót.

Veturinn fram að jólum umhleypingasamur en frost ekki mikil.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

---

### 2.1. Laufgun og lauffall

---

Láðst hefur mér að skrá niður ákveðnar dagsetningar á laufgun og lauffalli á þessu ári. Kemur það til að mikill þeytingur er á Skógarverðinum á þessum tíma ársins og því erfitt að fylgjast með þeim ákveðnu trjám sem notuð eru til viðmiðunar í þessu augnarmiði.

Það má þó segja það að laufgun varð u.þ.b. viku fyrr en í meðalári þ.e.a.s. um 8/6 í Þjórsárdal. Laufgun á Selfossi hefur að jafnaði verið um viku fyrr á ferðinni, en í þetta skipti var laufgunin nokkuð jöfn um allt suðurland og stafar það sjálfsagt af mjög heitum dögum síðast í maí og fyrst í júní.

Lauffall tel ég hafi verið á eðlilegum tíma þ.e. fyrstu dagana í október.

### 2.2. Vöxtur

---

Vöxtur með mesta móti eftir hlýtt sumar. Áberandi mikill á lerki og sitkagreni og birki. Fura með alllanga sprota. Búast má við miklum vexti í henni næsta ár.

### 2.3. Fræfall

---

Talsvert um fræ á Suðurlandi. Sérstaklega biki. Miklu safnað í Þórsmörk. Fjölbrautarskóli Suðurlands mætti í Húsadal með nemendur sína í 10 rútum og safnaði góða dagstund. 10 þokar fengust þar af sæmilegu fræi, en nokkuð var þó um flugu í því. Fræið var sent að Mógilsá.

Svolítið var safnað af Sitkagrenikönglum á Selfossi svo og fræi af hlyni. Í Haukadal var safnað af Birki í reit 4514, og einnig af Sitkagr. úr sama reit. Fór þetta að Mógilsá.

### 2.4. Skaðar

---

#### 2.4.1. Mekaniskir skaðar:

---

Ekki urðu miklir skaðar af sól og vindsviða á árinu allmennt. Þó mátti sjá talsverða vindskaða á stafafuru við Skóga undir Eyjafjöllum. Eru þar afleiðingar veðursins 3. febrúar. Þá gekk hér yfir mjög djúp lægð og blés hann mjög hvassan fyrst af s-austri og síðan af s-vestri. Fuku mörg hús og skaðar urðu á byggingum. Flestir aflóga kofar í Árnassýslu fuku út í buskann og varð mikil landhreinsun af því.

Í Skógum mátti einnig sjá skaða á Sitkagreni og er þar sambland af veðrinu 3. feb og lúsaskaða frá síðustu 2 árum.

Febrúarveðrið felldi talsvert af trjám á Selfossi og þá sérstaklega stór Reyniviðartré. Þau virðast hafa heldur lítinn rótarmassa miðað við hæð. Grænn alaskavíðir féll einnig nokkuð og virðist rôtarkerfi hans veikburða. Nokkur aspartré rifnuðu einnig upp með rötum, en ekki var það eins áberandi og fall reyniviðarins.

Ekki var að sjá að febrúarveðrið hefði fellt tré í skóglendunum í Haukadal og Þjórsárdal, og var hann þó hvass á þessum stöðum.

#### 2.4.2. Skordýraskaðar

---

Leitað var sitkalúsar á vordögum á Selfossi og á Snæfoksstöðum og fanst þar ein lús. Nokkuð af lús í Gjögnum í Mýrdal, annars nokkuð hreint. Seinna kom í ljós lús á einstaka tré á Snæfoksstöðum, svo ekki er þar alveg lúsalaust.

Í Haukadal var unnið nokkuð við ransóknir á vegum Mógilsár á ranabjöllu á rötum lerkis. Niðurstöður ekki fengnar ennþá, en Guðmundur skordýrafræðingur á Mógilsá segir mér að ef borinn er saman fjöldi ranabjallna í herfuðu landi og óherfuðu þá komi það í ljós að minna sé um bjöllu í herfaða landinu.(TTS)

### 3. Starfsfólk.

---

Alls komust 21 á launaskrá hjá D81 á árinu, auk nokkurra krakka úr unglíngavinnunni á Selfossi, sem fengin voru á láni til gróðursetningarstarfa ásamt 4 norðmönnum og 1 svía, í Þórsmörk. Þar var verið frá 27. maí - 1. júní.

Nöfn starfsmanna:

Ásbjörn Sigurðsson	Réttarholti 1.	Selfossi
Bergur Þór Björnsson	Skriðufell	Gnúp.
Björgvin örn Eggertsson	Laufási 4a	Garðabær
Böðvar Guðmundsson	Sigtún 9	Selfoss
Friðrik S. Þórarinnsson	Gauksrima 21	Selfossi
Einar Bjarnason	Eysti-Dalbæ	V-Skaft.
Garðar Þorvarðarson	Vorsabæ 3	Reykjavík
Guðbjörg Gunnarsdóttir	Stekkholt 20	Selfossi
Guðm. Á. Böðvarsson	Sigtún 9	Selfossi
Gunnar Erligsson	Vallholt 33	Selfossi
Guðmundur Jónsson	Réttarholt 3	Selfossi
Heiðar S. Smáráson	Rein	Ölfusi
Helgi k. Halldórsson	Lambhaga 28	Selfossi
Hreinn Óskarsson	Grænuvöllum 3	Selfossi
Hjörleifur j. Steinsen	Sléttuvegi 6	Selfossi
Katrín Jónsdóttir	Svínavatni	Grímsnesi
Magnea Bjarnadóttir	Sigtún 9	Selfossi
Sigurmundur P. Jónsson	Kirkjuvegi 25	Selfossi
Sigrún Lína Sigurjónsd	Austurbergi 8	111 Reykjavík
Sunna Ólafsdóttir	Brekubæ 2	Reykjavík
Örnólfur Þorvarðarson	Vorsabæ 3	Reykjavík.

Tveir menn unnu allt árið: Böðvar Guðmundsson og Björgvin Ö. Eggertsson. Heiðar S. Smáráson kom til starfa í janúar og var fram á mitt sumar. Við starfi hans sem bílstjóri tók Friðrik Sölvi Þórarinnsson og var til áramóta. Einar Bjarnason var ýtustjóri. Ráðskonur voru þær Magnea Bjarnadóttir í Þjórsárdal og Sunna Ólafsdóttir í Haukadal og Mosfelli.

Hreinn Óskarsson var flokkstjóri við gróðursetningu og girðinga-niðurrif í Þórsmörk.

### Girðingar:

---

#### 4.1. Viðhald.

---

Girðingar komu vel undan vetri og viðhald þeirra því í minna lagi. Gunnar Erligsson og Guðmundur Jónsson sáu að mestu um viðhald girðinganna á öllu svæðinu. Um viðhald Klaustursgirðingar sá Einar Bjarnason.

Haukadalsgirðing: Orðin léleg að framanverðu. Þarf að girða upp á köflum. Gamla hliðið í Haukadal fjarlæggt og ristarhlið sett í staðinn með gönguhliði.

Þjórsárdalsgirðing: 2ja km. kafli frá Reykholtshliði að Sundlaug er lélegur orðinn. Þarf að endurgirða á næstu árum.

Klaustursgirðing: Þar þarf að rengla 300 metra kafla uppi á múlanum og laga við Systravatn. Verður gert sumarið 92.

Hlíðargirðing: Hornstaurar lélegir, svo og gaddavír. Þyrfti að endurnýja.

Þórsmerkurgirðing: er nú orðin óþörf og var byrjað að rífa hana í vor. Unnu við það nokkrir norðmenn auk Íslendinga í eina viku auk þess að nokkrir hópar áhugamanna komu að því verki dag og dag í sumar. Er nú búið að rífa girðinguna frá Rjúpnafellsgili og vestur í Húsadal. Einnig er búið að taka girðinguna upp á Krossáraurum og í Hvannárgljúfri. Er þá aðeins eftir að rífa í Valahnjúk og einnig 1 km kafli í Hamraskógum.

## 4.2 Nýgirðingar

---

Í fyrra (1990) var girtur 2 km kafli á vesturkanti Þjórsárdalsgirðingar. Þetta var nú renglað og gengið endanlega frá.

Í Þjórsárdal girtum við hólf fyrir fjallsafnið í horni við Ásólfsstaðaafleggjara. Gnúpv.hr. skaffaði efni en við vinnu.

Í Hrífunesi í Skaftártungu var sett upp um 10 km. löng rafmagnsgirðing. Starfsmenn skógrættarinnar settu niður alla horn og hliðstaura ásamt því að setja hliðgrindur upp svo og að koma fyrir stuðtæki og tengja það við girðinguna. Sigurgeir Gíslason Flögu í Skaftártungu tók að sér að setja vírinn á staurana og tengja þá. Var girðinginn mikið til tilbúinn á haustmánuðum. Starfsmenn skógrættarinnar höfðu aðstöðu í Sumarhúsi Sig.Ævars Harðarsonar og Helgu Elsu Hermannsdóttur í Hrífunesi og fór vel um þá þar. Um 1400 ha lands eru í umsjón Skógrættar Ríkisins í Hrífunesi en ekki tókst að innlima það allt innan girðingar og því ca 2-300 ha utan hennar.

## 5. Skógarhögg.

---

### 5.1 Viður

---

Ekkert var framleitt af arinviði, en 200 staurar úr gróðursetningu af Sitkagreni frá 1964 við Bankabústaðina í Þjórsárdal voru settir í fúavarnaefni á haustdögum og komið fyrir í skemmuni í Mosfelli og fá þeir að dúsa þar til vors.

Skógrækt ríkisins

Sala jólatrjáa 1991 og dreifing til söluáðila.

Skógrf. Rvk.	Ölver. Poriákh.		G.Á.B. Selfossi		**		* Pin		Bj. sv. Björg Eyrarbakka		Bj. sv. Sjúrgur Gnúpv.hr.		Skyggur Helli		Kaupf. Árn Selfossi		Ýmsir aðilar		Samtals		
	Gr.	F	Gr.	F.	Blá	Blá	Pin	Gr.	F.	Gr.	F.	Gr.	F.	Gr.	F.	Gr.	F.	Gr.	F.	Gr.	F.
Stærðir:																					
0,70-1,00	0			0																	
1,00-1,25				31	65	30	(50)														
1,25-1,50	48			56	24	31	(50)	3	7												
1,50-1,75	42			24	17	5	(10)	11	1												
1,75-2,00	17			16	6	7	(8)	3	2												
2,00-2,50	7			6		3															
2,50-3,00																					
3,00-4,00																					
4,00-5,00																					
5,00-6,00																					
6,00-7,00																					
7,00-8,00																					
Samtals:	0	114	0	0	135	119	76	0	17	17	0	0	0	0	0	23	7	0	0	175	257
Greinar:																					
Norðm.				80						20											129
Nobilis				10																	5
Cypres																					5
Fura:																					

\* Pinur hjá G.Á.B hf. ekki með í töflum, enda keyptur frá Langræðslusjóð  
 \*\* Blágreni ekki með í heildartölum. Kom úr Skorradal

## 5.2. Jólatré

---

Óvenju lítið var höggvið af jólatrjám á Suðurlandi að þessu sinni. Kom það til að okkur vantar orðið árganga til að höggva úr og eins það að mikið hefur verið höggvið á undanförunum árun og því farið að ganga á þá reiti sem mest hafa gefið af trjám til þessa. Skaðar vetranna 1989 og 1990 hafa einnig sitt að segja.

Alls voru seld gegnum Skógrækt Ríkisins 603 tré. Úr Skorradal kom Rauðgreni 210 stk sem ekki seldist allt og 60 Blágreni sem fór nær allt. Rest var höggvin í Haukadal.

Salan á Selfossi var mjög áþekk og 1990 en Blágreni tekur yfir það sem minnkar í Rauðgrenisölu. Fura svipuð og í fyrra.

Jólatré voru höggvin í eftirtöldum reitum í Haukadal:

Rauðgreni: 2041=72, 2062=503, 6070=20, 1033=10, 6078=25

Stafafura: 6070=5, 2081=74, 2033=30, 6019=40, 6020=45, 6021=77, 6022=10,

Blágreni: 6021=38, 6022=6

Skýrsla yfir seld tré og kaupendur þeirra fylgir skýrslu þessarri.

## 5.3. Grisjun.

---

Nokkuð var sagað af rásum í Haukadal og ætlaðar til að taka á móti Blágreni og Pin til jólatrjáa. Teknir fyrir reitirnir: 2010, 2009a og 2006 (hl) í Miðhlíðinni. Klárað var að rása niður fingurinn neðan Snyrtipíureits 6290. Þá var sagað í næsta fingri þar fyrir austan í reitum 6184 og 6186 og sagðað ca helmingur reitanna. Heimavið var farið létt yfir reit 4514 og grisjað birki og sitkagreni þar sem það stóð of þétt. Rásað var upp vestan við Svartagil neðan vegar r.2016.

Í Þjórsárdal var farið í gegnum reitina við Búnaðarbankabústaðina sem var plantað 1963 - 1964. Stafafura og Sitkagreni. Furan var kvistuð upp og grisjuð létt. Sitkagrenið þurfti meiri grisjun og talsvert af staurum og renglum utbúið úr grisjunarviðnum og sett í fúavörn, bæði í saltupplausn og einnig díselolíu.

Einnig var grisjaður Sitkagrenireitur frá 1966 ofan Perlu.

## 6. Landvinnsla / Jarðvinnsla.

---

### 6.1. Þurrlendisjarðvinnsla.

---

TTS herfið er notað allstaðar þar sem hægt er að koma því við við undirbúning lands til gróðursetningar. Mikið var herfað í Haukadal, bæði í kjarri innan skógarins og á

heiðlöndunum inn undir Haukadalsheiði. Þá var einnig herfað í Mosfelli ca 80 ha. Herfið var einnig lánað til Héraðskóga á Austurlandi og þar herfaðir móar í Vallahrepp og víðar. Einnig var herfið reynt á Hallormstað.

## 6.2 Votlendisjarðvinnsla.

---

### 6.2.1. Plæing

---

Mosfell: Plægðar mýrar kringum Einbúa. Verkið sóttist seint vegna bleytu og varð sumstaðar að hætta við svo búið og bíða þar til grafið hefur verið meira.

Ekki var plægt annarsstaðar hjá Skógrækt Ríkisins.

### 6.2.2. Skurðgröftur.

---

Mosfell: Grafnir voru 4.405 metrar af skurðum, samtals 22.883 m<sup>3</sup>. Nokkuð af þessu var upphreinsum. Aðallega var grafið við og kringum Einbúann. Mikið þarf að grafa enn til að hægt sé að nýta mýrarnar.

### 6.2.3. Landgræðsla/ Uppgræðsla.

---

Í Þjórsárdal var dreift nokkuð af lúpínufræi í Skriðufellið austanvert. - Þá voru síðsumars slegnir nokkrir ha af töðu á tünnum Unnar á Ásólfstöðum, og heyið keyrt austur á vikra og dreift þar. Til verksins voru fengnir þeir Haukur Haraldsson í Mástungu og Rúnar Bjarnason á Reykjum, með sína traktora og heyhleðsluvagna. Báðir eru þeir gamlir starfsmenn hér.

Í Haukadalsdal var sáð lúpínu í örfoka svæði inn á Haukadalsheiði. Tekið var fyrir svæðið s-v í Skyggni sem er vesturhluti reits nr 6460. Sáð var 3/7 og fræið sparkað niður. Fræ heldur lélegt.

## 7. Gróðursetning.

---

### Gróðursetningar hjá Skógrækt Ríkisins Suðurlandi 1991

---

#### Þjórsárdalur:

=====					
Rauðgreni	Kitsbuchel Austurr.	2/2m	T	225	1.
Sifjalerki		2/2m	T		2.

Al.Ösp	Haukur	0/1fp35 Bændur	28	3.
-	Iðunn	0/1fp35 -	620	4.
-	Keisari	0/1fp35 M	140	5.
Evrópulerki	?	2/3m T	48	6.
Al.Cypres	Cedar Bay	0/2fp35 M	105	7.

**Átaksplöntur:**

Birki	Bæjarstaður	0/1 fp40 Mörk	12.000	8.
Rússalerki	Imatra	0/1 fp40 Fossv	16.200	9.

29.638

**óplantað, lagerað í Þ.d.**

Japanslerki	Hokkaido	2/1m T	1.000
-------------	----------	--------	-------

**Haukadalur:**

Sitkagreni	Seward	2/0 fp60 M 890026	50.000	10.
Stikagreni	Tumastaðir	2/2 mb T 852172	1.000	11.
Sitkagreni	Tatilek (pl.f.1990)	2/3 dr.b.T 18-90	150	12.
Blágreni	Stein	2/3 dr.b.T 852155	5.390	13.
Fjallapínur	Skagway	0/2 fp35 T	3.500	14.
Fjallapínur	Skagway	2/0 fp40 Fossv.	1.700	15.
Alaska Ösp	Iðunn	0/1 fp35 Bændur	6.696	16.
-	Depill	- - Pétur Þ.	140	17.
-	Súla	- - -	315	18.
-	Keisari	2.mán -	350	19.
-	Salka	0/1 fp hvítir	2.700	20.
-	Haukur	- fp35 Bændur	385	21.
Rússa Lerki	Imatra	1/0 fp67 M	32.500	22.
Alaska Cypre	Cedar Bay	2/3 fp35 M tilrst.	105	23.

104.931

**Mosfell:**

Stafafura	Tarsldsöy	0/1 fp67 M 89001	7.380	24.
Síb.Lerki	Buriat	ö/1 fp67 M 900007	15.000	25.
RússaLerki	Imatra	0/1 fp95 M 900006	38.540	26.
-	-	- fp40 M -	1.240	27.
-	-	- fp95 T	30.000	28.

---

92.160

**Skarfanés:**

Átakspöntur				
Rússalerki	Imatra	0/1 fp40 F	2.000	29.

---

2.000

**Laugarvatn:**

Átakspöntur				
Rússalerki	Imatra	0/1 fp40 F	3.000	30.
v/Ree Tree international				

---

3.000

Alls plantað í Lendur Skógræktar Ríkisins á Suðurl. 231.729


=====


Kort yfir gróðursetningastaði fylgja skýrslu þessarri.

**7.2. Skipting Tegunda og Kvæma eftir reitum.**

- 
- nr.1. R 2031 = 140, ópl = 85.
  - 2. Einar Bj = 10 , ópl 100.
  - 3, 2413 = 280.
  - 4. 2051 = 540, 2413 = 80
  - 5 2413 = 140.
  - 6. 2413 = 48.
  - 7. 2413 = 35, 2412 = 35, í uppeldisreit 35.
  - 8. 3019 = 1800
  - 9. 2276 = 3800, 2277 = 4380, 2275 = 200, 3325 = 680, 2115 = 640, 1943 = 1200,
  - 10. 7060-7066 = 11040, 7053 = 4200, 7057-7058 = 7240, 6402 = 12.600, 6401 = 4620.
  - 11. 7053 = 1000
  - 12. 7053 = 150
  - 13. 7045-7046-7047-7048a = 5340, 4514 = 25, 4516 = 25.
  - 14. 6922 = 3460, 4514 = 20, 4516 = 20.
  - 15. 7048b = 1690, 4513 = 10.

Mosfell 1:5000  
Grønturkningar 1991





16. 7010 (austast)=120, 7051=630, 6402=325, 2037=4550=5600. 6062=816, ....=280.  
 17. 3010d=140.  
 18. 3010d=315.  
 19. 3010d=210  
 20. ....=2700.  
 21. ....=385  
 22. 6440 Víðirar=13.450, Tilr.v/Mógilsár, á ýmsa staði=800 6450=17800,  
 23 1031=70, 4514=10, 4516=25.  
 24. 192,197,193,220(hl), 217austast, 187 a+b(hl),199, samt:7380  
 25. 346a(hl), 349a, 350,348(hl), 263, 264, 265,267,268,271,336, 335a, 340c,  
 330,332,333,334,192a, 217, 198, 199, 350, 593, 592, 576b, 583, 580 NA horn  
 samt:15000.  
 26-27 237a+b, 236a+b, 238, 239, 240, 150, 151, 152, 153, 28 28 154, 249c, 250a,  
 251a+b+c, 252abcd, 253ab,254, 255, 118,119, 116, 257, 258, 259, 260, 261, 262,  
 266, 269, 270b, 272, 273, 274, 275, 276, 277, 278, 279, 280, 281, 282, 283, 284,  
 285, 286, 287, 288, 289, 290, 291, 292, 310, 311, 312, 313, 314, 315, 316, 317,  
 318ab, 319, 320, 321, 322, 323, 324, 325, 326, 327, 328, 329, 335b, 337, 338, 340ab,341,  
 342ab, 343, 345, 347, 349b, 346b, 367, 369, 370, 371, 372, 373, 374, 375,  
 376, 377, 378, 379, 381, 382, 383, 385, 207, 208, 210, 211, 220, 222b, 228, 608, 607,  
 603, 604, 600, 204b, 205, samt: 39780. + 30000 = 69780.  
 29 Ari Björn 800, Jón Baldur 1200.  
 30. Lindarskógur, í TTS herfað land 3000.

## 8. Hirðing plantna.

---

### 8.1.1 Þjórsárdalur:

---

#### Frásögun:

---

Nokkrir hektarar voru kjarrhreinsaðir í mars 1991 af Bergi Björnssyni frá Skriðufelli. Var hann einn við þetta og vannst nokkuð vel. Tók hann fyrir eftirfarandi reiti:

2031 Lerki við Langagil.  
 2039 Rgr - -  
 1929 Sitka, og 1930 Sitka í Hlíðartorfu.  
 1931 Fura, og 1932 Sitka í Hlíðartorfu.  
 2040 Lindifura í Hlíðartorfu.  
 2062 Fura + Lerki, 2151 Fura í Leiti.  
 2217 Lerki, 2219 Fura, 2222 Sitka við Stapa.  
 2224 og 2225 Sitkagr og Stf.  
 2226 L + Sitka.  
 2227 Sitka.  
 2228 Blágr.

2231 og 2234 Sitkagr.

Áburðargjöf:

---

Úðun:

---

Í Þjórsárdal var úðað á eftirfarandi reiti: 2074b 20/8 allur. 2153 Pinur, lítill blettur syðst. 2919 Fura allur reiturinn, 15/8 91.2931 15/8 Fura vestast.

8.1.2. Haukadalur:

---

Sögun:

---

Teknir fyrir reitirnir 2062 (kringum litla furureitinn), 1031 (lerki), og 1025 (blágreni).

Áburðargjöf:

---

Borið var á eftirtalda reiti:

Rauðgreni: 1041, 1042, 1072, 2041, 2062, 2071, 2113, 2114, 2115, 2117, 2119, 3072, 6075.

Stafafura: 3010, 3020, 3044, 6043, 7012, 7010, 6041.

Blágreni: 4021, 4024, 4044, 6041.

Úðun með Round Up.

---

Úðað á alla reiti austan Lækjargötu, 3083 og 3081. Einnig efri hluti 3081 vestan Lækjargötu.

Úðað var í TTS herfingar óplantaðar þar sem mikill teinungur er: 10100 a+b, 0939 og 4610.

Úðað í gróðursetningum í reitum: 1086 a+b, og 2015.

### 8.1.3. Mosfell:

---

#### Áburðargjöf

---

Borið var á furuplöntur gróðursettar 1990 í eftirtöldum reitum:

59, 70,69, 80, 79, 78, 85, 86, 94, 93, 91, 92, 103, 106, 104, 110, 105, 114, 125, 124, 148 þrír kassar í miðjunni,233, 158, 147, 133, 132, 131, 134, 135, 136, 141a, 140, 139, 138, 129, 130, 127, 164, 169, 144, 145, 171, 142, 172b, 172a, 173, 174, 175, 180, 30, 29, 32, 48, 31, 99, 98, 101, 100, 102, 95, 96, 97, 49, 74, 47, 40, 50a, 46, 63, 61. alls um 420 kg.

## 9 Byggingar.

---

### 9.1. Þjósárdalshús.

---

Þak var málað svo og veggir allir nema norðurveggur. Gluggar voru málaðir. Þetta var allt framkvæmt af ráðskonunni milli máltíða.

### 9.2. Haukadalshús.

---

Rennur lagfærðar, settir upp nokkrir tenglar bæði úti og í þvottahúsi. Ný gluggatjöld sett upp í stofu og borðstofu og eldhúsi.

### 9.3. Mosfellshús:

---

Byggður stokkur utanum vatnsinntak og hann einangraður. Sett voru upp gluggatjöld í húsið.

Sjónvarpstæki var stolið úr húsinu og hefur ekki fundist ennþá.

### 9.4. Kofi í Skáldagili í Þórsmörk, (Moelven-hús)

---

Er orðinn laskaður. Þak að gefa sig. Borgar sig vart að gera við það. Þarf að fjarlægjast.

## 10. Vélar og Verkfæri.

### 10.1. X8044.

---

Smíðaðir bogar ofan á háu skjólborðin, til að hægt sé að hafa segl þar yfir. Ekkert annað en venjulegt viðhald.

Smíðaður nýr afturgafi á vörukassann.

### 10.2. X- 8317

---

Keypt 4 ný dekk. Lítið viðhald.

### 10.3. Kf-042 Mitsubishi L 300.

---

X 6476 MM L300 var seldur. Fenginn nýr sömu tegundar. Var honum ekið ca. 17.000 km á árinu.

### 10.4. Dráttarvélar

---

Til eru 2 Zetorar, Deutch og Mf grafa. Skipt um kúplingsdisk í Mf á árinu

### 10.5. Jarðýta.

---

Smíðuð var bóma til að halda breiddarstillingu við plæingu, alternator endurnýaður, skipt um nokkrar sprungnar rúður, auk fleyra smálegs.

Á árinu var ýtan við vinnu:

Þórsmörk: Laga veg úr Húsadal inn á Svínatungur í sambandi við niðurrif girðinga þar.

Skarð Gnúp: Ruddir vegslóðar vegna gróðursetninga.

Þjórsárdalur: Ruddur vegur upp á Ásólfsstaðafjall vegna girðingaframkvæmda, ruddur vegur vestan í Fagurhól v/gr.setn.

Einnig ýtt upp vegagerðargrús, svo og tekinn ný ruslahola og jafnað yfir gamla.

Mosfell: Plægt stórt stykki sunnan Einbúa svo og vestan hans. Ruddir nýir slóðar um Mosfellsland.

Skorradalur: Fór þangað í nóvember. Ruddi eitthvað af slóðum.

## 10.6 Önnur tæki.

---

TTS herfið var notað þar sem hægt var að koma því við til undirbúnings gróðursetninga s.s. í Haukadal, Mosfelli, Snæfoksstöðum, Þjórsárdal, Skarði Gnúp, Hlíðargirðingu V-Skaft., Tumastöðum og var einnig lánað austur á Fljótsdalshérað.

Einnig herfað fyrir einstaklinga s.s. Guðna Karlsson á Gýjarhóli Bisk og fyrir félag símamanna í Ytri-Ey í Laugardal.

Ein kjarrsög var keypt á árinu, auk talsvert af varahlutum í sagir.

Hér á eftir fylgir skrá yfir þær vélar og tæki sem eru í eigu Suðurlandsdeildar.

Nr.	Tegund	Verksm.nr.	Teg vélar	Árg
1.	Mitsubishi	Kf 042	Sendibifr.	1990
2.	Mersedes Bens	X8o44	Vörubifreið	1981
3.	Hino	X 8117	Vörubifreið	1981
4.	Hino	Óskráður/Varahl	Vörubifreið	x
5.	Massey Ferguson	Ad 1103 Zd822	Traktorsgrafa	83
6.	Zetor	Xd 2040	Dráttarvél	1982
7.	Zetor m.ám.tækj.	Ld 1914	Dráttarvél	1983
8.	Deutch 4x4	Ld 2106 ZM698	Dráttarvél	1987
9.	Caterpillar	D4E	Jarðýta	1974
10.	Clark	Skoskur	Mýrarplógur	1974
11.	TTS	Finskt	Skógarherfi	1988
12.	Veghefill	Heimasmíði	Veghefill	1974
13.	Þyngdarklossi	do	Þyngd.kl	1990
14.	K.Á	KÁ Selfossi	Sturtuvagn	1983
15.	Tumastaðir	Teodor Guðm	Kerra stór	1974
16.	Selfoss	Græna kerra	Kerra lítil	1966
17.	Selfoss	VA 553	Tengivagn	1990
18.	Jonsereeds	8 stk.	Kjarrsagir	
19.	Jonsereeds		Keðjusög	1985
20.	JoBu		do	1980
21.	JoBu		do	1983
22.	Kapp	frá Hall	Eldiv.sög	1955
23.	Baldur Jónson	frá Hall	Viðarkleyf	x
24.	Boss		Borvél	1985
25.	AEG	SB 2E 1001 RL	Borvél	1988
26.	Makita	Model 9005 B	Slípirokkur	1989
27.	MEP	616823	Járnsög	1988
28.	Metabo	Typ 4395	Smergell	1985
29.	Benzi		Tjakkur	1976
30.	Migatronic	CEA 141 420	Rafsuðuvél	1974
31.	AGA		Logsuðutæki	1986

32. Benco 01-600 A	Stöð 20173	CB Talstöð	1986
33. Gagnheiði 25		Áhaldahús	1991
34. Replikk Svar 9011	83926	Símsvari	1990
35.	G.25	Skrifborð	1960
36.	G.25	do	1990
37. Neolt	G.25	Kortaskápur	1986
38. Kortaborð	G.25.Heimasm.	Ljósaborð	1980
39. Tulip AT Compact	G.25.	Talva	1990
40. Tulip Vision Line	G.25.	Talva	1992
41. Facit	G.25	Prentari	1990
42. Nashua T3x0530000814	G.25	Myndsendir	1989
43. Ibico	90110429	Reiknivél	1989
44. Goldstar	Sigtún 9	Símsvari	1989
45. Haukadalur	H.d.	Starfsm.hús	1982
46. Frystikista	H.d.	Frystikista	1983
47. Kæliskápur	H.d.	Kæliskápur	1983
48. Sjónvarp	H.d.	Sjónvarp	x
49. Tecnic	H.d./notað	Hljómfl.t.	1991
50. Replikk	H.d.	Símtæki	1990
51. Kenwood	H.d.	Hrærivél	x
52. Roventa	H.d.	Hraðsuðuk.	x
53. Candy	H.d.	Þvottavél	x
54. ElectroLux	H.d.	Eldavél	1981
55. Slökkvitæki	H.d.	Slökkvit.	x
56. Sumarhús	H.d.	Hákonarbúst	1939
57. Verkfæraskýli	H.d.	Hvíti kofi	1955
58. Verkfæraskýli	H.d.	Jónsbúst.	1955
59. Gufubað	H.d.	Gufubað	1981
60. Þjórsárdalur	Þ.d.	Starfsm.hús	1986
61. Simens	Þ.d.	Frystiskáp.	1989
62. Simens	Þ.d.	Kæliskápur.	1988
63. Philips	Þ.d.	Sjónvarp	1985
64.	Þ.d.	Hrærivél	1984
65. Roventa	Þ.d.	Hraðs.ketill	84
66.	Þ.d.	Kaffivél	88
67. Geymsluhús	Þ.d.Laugarv.7	Geymsla	1960
68. Geymsluhús	Þ.d.Gamla Eldh.	Geymsla	1960
69. Íbúðarskáli	Þ.d.Lóþræll Í	búðarsk.	1975
70. Geymsluhús.	Þ.d.Búr	Geymsla	1966
71. Mosfellshús	M.f.Hreðarkot.	Íbúðarsk.	1989
72. Kæliskápur	M.f.(úr Þ.d.)	Kælisk.	1973
73. Frystikista	M.f.(keypt gömul)	Frystik.	1989
74. Kaffivél	M.f.	Kaffivél	1989
75. (Sjónvarp)	M.f. stolið		1991

76. Bjúgskóflur	16 stk	Pjóðverjar	
77. Plönturör	..... 50 cm <sup>3</sup>		
78. do	..... 100 cm <sup>3</sup>		
79. do	..... 150 cm <sup>3</sup>		
80. Bakkahaldarar	10 stk.	Bakkahald.	1985
81. Plöntubelti	5 stk.	Belti	1985
82. Eldhús á hjólum.		Eldunarskúr	1981
83. Viðleguskúr	Steinastaðir	Svefnskúr	1980

## 11. Nyttjaskógar Suðurlandi

Sjá skýrslu áætlanadeildar.

## 12. Ýmislegt.

### 12.1. Skóglendi.

---

Skógarvörður kom í flest skóglendi í umdæminu á árinu. Skulu nú sögð fáein orð um þau skóglendi sem eitthvað sérstakt er um að segja:

#### 12.1.1 Þórsmörk.

---

Allt var með rólegra móti í Þórsmörk þetta árið. Tilhögun vinnu við ferðafólk eins og undanfarin ár: Ferðafélag Íslands, Útivist, Farfuglar og Austurleið h/f sjá um ferðafólkið.

Nokkrar breytingar urðu á tilhögun tjaldstæða í Húsadal. Tjöldun innan dalsins var bönnuð og fólk beint á uppgrædda aurana framan við Húsadalskjaftinn, á svæðum Austurleiða h/f.

Þetta var gert til að hlífa nýgróðursettum birkiplöntum á svæðinu kringum stóru-flötina í Húsadal. Gekk friðunin framur öllum vonum og var friðunin virt. Umgangur og útivist í dalnum var ekki heft á neinn annan hátt.

Mikil aukning í því að hópar gefi sig fram og bjóðist til að vinna að landbótum í Þórsmörk og er orðið álitamál hvort Skógræktin og Landgræðslan þurfi ekki í sameiningu að hafa mann í Þórsmörk hluta úr sumri til að stýra því starfi.

5 manna hópur skandinava frá Norrænu Lýðháskólunum mætti til starfa síðast í maí og voru fengnir nokkrir unglingar frá Selfossi til að starfa með þeim. Gróðursetti hópurinn 3000 birkiplöntur (kvæmi Godaland) og 8000 birkiplöntur (kvæmi Skaftafell). alls 11.000 plöntur. Þá voru eftir 3000 plöntur sem Óskar í Austurleið plantaði í hlíðina fyrir ofan húsinn hjá sér.

Hópurinn starfaði einnig við að rífa girðingar og tókst að ljúka við kaflann frá Rjúpnafellsgili, fram allar Svínatungur, um Tindfjallagil og hálfu leið fram að Hamraskógahliði. Starfsmenn Suðurlandsdeildar rifu svo áfram fram í Húsadal og á Krossáaurum og í Hvannárgljúfri. Það sem eftir er að rífa er 1 km. kafli í Hamraskógum og norðurhlíðar Valahnjúks.

Rauði kross Íslands var með vinnuskóla í Langadal í samvinnu við Ferðafélagið og Landgræðsluna. Mættu þar unglingar á 4. fimm daga námskeið í júní. Aðallega var unnið að landgræðslustörfum, og skaffaði Landgræðslan grasfræ, áburð og leiðbeinanda. Einnig plöntur.

#### 12.1.2. Hlíðargirðing Skafártungu.

---

Herfað var með TTS hefinu það sem eftir er óplantað í þá girðingu. Til tals hefur komið að Valur Oddsteinsson bóndi í Hlíð fái þann hluta girðingarinnar sem hans landi tilheyrir í sambandi við það að hann gangi inn í bændaskógaáætlunina.

#### 12.1.3. Laugarvatnsgirðing

---

Plantað var í TTS herfingu í Lindarskógi í sambandi við fund Ree Tree International á Laugarvatni um miðjan júní. 3000 lerkiplöntur fóru þar niður.

#### 12.1.4. Klaustursgirðing.

---

Engu plantað, enda girðingin full fyrir neðan kletta. Nokkuð pláss er fyrir plöntur ofan kletta en þar er líklega nokkuð harðbýlt. Girðinging þarfnast renglunar á köflum ofan kletta á vesturkanti.

#### 12.1.5. Hrauntúnsgirðing.

---

Aðeins girðingarviðhaldi sinnt.

#### 12.1.6. Skarfanesgirðing.

---

Venjulegt girðingarviðhald. Engu plantað af Skógrækt Ríkisins, en nokkru plantað í lönd þeirra einstaklinga sem þar hafa spildur.

Í spildu Ara Björns Þorbjörnssonar: 800 lerki Imatra Átaksplöntur, 0/1 fp 40.

Í spildu Jóns Baldurs Þorbjörnssonar: 1200 lerki Imatra 1/0 fp. 40.

### 12.1.7. Skarð í Gnúpverjahreppi

---

Við tókum að okkur að gróðursetja í land það í Skarði er tilheyrir "Fasteignum Ríkissjóðs". Niður fór eftirfarandi:

Lerki	Imatra	1/0 fp.40	13.800 stk.
Ösp	Iðunn	1/0 fp 35	920 -
Lerki	Imatra	1/0 fp 67	450
Sitkagr	Seward	2/0 fp 60	10.300
			-----
			25.470

Einnig var herfað með TTS herfinu, jarðýtan ruddi vegarslóða um landið, sett var niður eitt ræsi yfir mýrarsund.

Hópur starfsmanna frá Fjármálaráðuneyti mætti á staðinn og plantaði eina dagstund ásamt því að sitja þar veizluborð. Björgvin Eggertsson verkstýrði hópnum. Hópurinn fékk gott veður og var almenn ánægja með ferðina. 66 manns mættu.

### 12.1.8. Iðnviðarverkefni á Sandlækjarmýri.

---

Vinnuflokkurinn var fenginn til að taka þátt í að gróðursetja í tilraunareit á Sandlækjarmýri á vegum Tilaunastöðvarinnar. Unnin voru 24 dagsverk þar.

Vinnuflokkurinn var fenginn í ýmis fleyri smáverkefni víðsvegar á svæðinu, svo og var um vélar okkar.

### 12.1.9. Haukadalsgirðing.

---

Haldið var áfram að rífa niður gömlu Haukadalsgirðinguna þar sem mætast lönd Skógræktar og Landgræðslu. Nú var rífið frá Skotmannsvörðum vestast á Sandfelli og austur fyrir Kistu. Er þá búið að rífa alla girðinguna nema kaflann sem liggur meðfram Tungufljóti.

### 12.2. Ferðalög.

---

Sat rafgirðinganámskeið á Hvanneyri á útmánuðum ásamt fleiri starfsmönnum Skógræktarinnar.

Sat starfsmannafund um tölvubókhald í Skálholti 16-18 jan.

Sat fund sem Ree Tree International stofnaði til á Laugarvatni 18-22 júní. Skógarvísindamannaráðstefna.

Sat námskeið um jólatré í Hvammi í Skorradal ásamt kollegum.

Ferð í Þórsmörk 18.sept ásamt Arnold í Útivist og Stefáni vegaverkstjóra á Hvolsvelli til að ráðslaga um garðagerð á Krossáraurum til að beina Krossá frá Strákagili og Básam.

Ferð með 3 félögum úr Lionskl. Víðari í Reykjavík til að skoða hugsanlegt uppgræðslusvæði sem klúbburinn tæki að sér, fyrst í Skarfaness og síðan í Þjórsárdal. Leist þeim einna best á sig við Kolviðarhól niður við Þjórsá, Þjórsárdalsmeginn. (22/9)

Ferð með Fjölbrotarskóla Suðurlands í Húsadal í Þórsmörk til fræsöfnunar. 10 50 kg sekkir söfnuðust. Fór að Mógilsá.

Ferð í Skarfaness 28 nóv. með verkfræðingi á vegum Landsvirkjunar til að ákveða og skoða fyrirhuguð turnstæði vegna Búrfellslínu 3, sem liggja á um Skarfanessland, samsíða Búrfellslínu 1. Hætt við að flytja þurfi Skarfanesskofa, en hann stendur 5 metrum of nálægt línunni.

### 12.3. Gestir

---

Oluf Aalde skógræktarstjóri og frú ásamt Sig Blöndal og frú og Jóni Loftssyni og frú komu í Þjórsárdal og fóru nokkuð um.

Tveir sænskir skógarstúdentar, Agneta Plainboeik og Hans Nilsgaard voru hér á ferð. Var þeim sýnt um Þjórsárdal.

Í Haukadal voru um tíma tveir sænskir skógfræðinemar við ranabjölluransóknir.

Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins kom í sína árlegu heimsókn í Haukadal og gróðursetti eina dagstund skammt vestan Grenhóls í reit 6450. Grillað og matast var síðan heima við starfsmanna-húsið á Kaldbak.

Selfossi 9/1 1992



Böðvar Guðmundsson